

„Jarðsett verður í heimagrafreit“

Nýbreytni í greftrunarsíð Íslendinga á níttjándu og tuttugustu öld

Þriðja grein

Inngangur

Í tveimur greinum sem birst hafa í síðustu heftum þessarar ritraðar fjallaði sá sem þetta skrifar um nýbreytni í greftrunarsíð Íslendinga sem ruddi sér til rúms á síðustu áratugum níttjándu aldar. Fólst hún í að stöðugt fleiri bændur og/eða nánustu aðstandendur þeirra sóttust eftir að fá að hvíla heima fyrir í sérstökum grafreit í stað þess að vera jörðuð í sameiginlegum kirkjugarði sóknarinnar eins og aldagömul samkristin hefð stóð til. Með þessu var rofið samhengi sem komist hafði á hér á landi í öndverðri kristni. Hér er því um athyglisvert menningarsögulegt fyrirbæri að ræða. Fyrsti heimagrafreiturinn hér var stofnaður að Fiskilæk í Borgarfirði 1878. Í kjölfarið var fjöldi heimagrafreita tekinn upp víða um land uns heimildarákvæði um þá voru felld úr lögum um kirkjugarða 1963. Þar með var sögu heimagraftrana þó ekki lokið. Þvert á móti hefur verið grafið í heimagrafreitum víða um land allt fram á síðustu ár og verður ugglaut gert eitthvað áfram á nokkrum stöðum.

Fyrsta greinin fjallaði um opinbera stefnumörkun um heimagrafreiti og þann lagaramma sem um þá var settur. Þá var gerð grein fyrir framkvæmd laganna, svo sem því umsóknarferli sem komst á, jafnvel áður en kveðið var á um reitina í lögum, sem og ýmsum öðrum atriðum sem lúta að stofnun grafreita, meðal annars þeim skilyrðum sem sett voru fyrir leyfisveitingum. Loks var vikið að því hvernig stærð grafreitanna voru settar fastar skorður og þannig unnið gegn upplausnaráhrifum heimagrafreitanna á greftrunarsíðinn þótt takmarkaður vilji og forsendur væru lengi fyrir að halda aftur af fjölgun grafreitanna af hálfu veraldlegra yfirvalda.

Í annarri greininni var athuguninni fram haldið með því að lýsa fjöldapróun grafreitanna, sem og dreifingu þeirra um landið. Með því móti má fá mikilvæga innsýn í útbreiðslu heimagraftarsíðarins í tíma og rúmi.

Í þessari þriðju og síðustu grein um efnið að sinni verður loks fengist við ýmsar hliðar á fagurfræði grafreitanna. Eitt helsta áhyggjuefni kirkjustjórnarinnar varðandi heimagrafreiti var að þeir mundu valda afturför í útfararmenningu þjóðarinnar. Það gat gerst með ýmsu móti: að ekki yrði nægilega til þeirra vandað í upphafi, að afkomendur stofnandans hirtu ekki nægilega um þá og þeir legðust í vanhírðu ef eigendaskipti yrðu á jörðum eða þær færu í eyði. Þá var talið að mikil fjölgun grafreita gæti dregið úr umhyggju fólks fyrir sóknarkirkjugörðum. Frá upphafi var reynt að sporna gegn þessu með ákvæðum leyfisbréfa og gera fólk þar með meðvitaðra

um hina fagurfræðilegu hlið grafreitanna. Ýmis ákvæði laga og reglugerðar frá fjórða áratug liðinnar aldar miðuðu að því sama. Þar var meðal annars krafist að umsókn fylgdi uppdráttur af fyrirhuguðum grafreit sem sýndi ekki síst girðinguna umhverfis hann.¹ Uppdrættirnir hafa sjaldnast varðveist í skjalasöfnum. Vera má að þeir hafi verið endursendir eftir að ráðuneytið hafði samþykkt þá án þess að getið sé um það.² Þeir fáu sem enn er að finna eru misjafnir að gerð og gæðum, allt frá því að vera lauslegt blýantsriss yfir í teikningar arkitekta, jafnvel frá húsameistara ríkisins. Á sumum sést aðeins girðingin umhverfis reitinn, á öðrum fyrirhugaður grunnflötur og skipulag hans. Stundum er þó um yfirlitsuppdrátt að ræða sem aðallega sýnir staðsetningu grafreitsins í nærumhverfinu. Fagurfræði heimagrafreita kom ekki síst fram í því hvernig þeim var valinn staður, skipulagi þeirra og ræktun í þeim, auk girðingarinnar umhverfis þá. Nú á dögum er ekki mögulegt að meta fagurfræðina sem endurspegladist upphaflega í grafreitunum af nokkurri nákvæmni þar sem þeim hefur víða hrakað eða þeim í einstaka tilviki verið breytt. Ugglaut búa þó margir þeirra að upprunalegri gerð. Þá hefur umhverfi þeirra víða tekið miklum breytingum vegna ræktunar og mannvirkjagerðar eða hins gagnstæða þegar jarðir hafa lagst í eyði.³ Af þessum sökum er ekki mögulegt að greina upprunalegt form grafreitanna eða samspil þeirra við umhverfið nema að takmörkuðu leyti.

Í greininni verður einnig kannað hvaða áhrif heimagrafreitirnir höfðu á útfararathöfnina sjálfa en með tilkomu reitanna fluttist hún í einhverjum mæli, að minnsta kosti framan af blómatíma heimagrafreitanna, úr kirkjunum og heim á þá bæi þar sem grafreitir höfðu verið stofnaðir. Í lokin verður reynt að bregða ljósi á útbreiðslu heimagraftrana með því að grafast fyrir um fjölda þeirra á Norðurlandi en í þeim fjórðungi voru heimagrafreitir einna flestir. Markmið greinanna þriggja er að kortleggja sem flestar hliðar á þeirri nýjung sem í heimagraftrinum fólst og gefa yfirlit yfir þróun og útbreiðslu síðarins.

Lítið hefur verið ritað fræðilega um íslenska heimagrafreiti. Nýlega birti Stefán Ólafsson fornleifafræðingur þó grein í *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags* þar sem hann fjallaði um upphaf heimagrafreitanna, ákvæði laga um þá, fjölda þeirra og dreifingu um landið.⁴ Stefán varpaði einnig fram ýmsum athyglisverðum tilgátum um ástæður þess að grafreitir voru stofnaðir, hvernig á mismunandi dreifingu þeirra eftir héruðum stendur og hvers vegna heimagraftrun varð eins vinsæl og raun ber vitni.

Höfundur þessarar greinar hefur á öðrum vettvangi grafist fyrir um almennar skýringar á því hvers vegna heimagröftur ruddi sér til rúms og hvaða ástæður umsækjendur gáfu fyrir óskum sínum um að stofna einstaka grafreiti, sem og sýnt fram á spennu sem nýbreytnin hafði í för með sér milli þeirra sem helst áttu hlut að máli: bænda, kirkjunnar manna og veraldlegra yfirvalda.⁵

¹ *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 155 (l. nr. 64/1932).

² Móti þessu mælir beiðni Guðmundar Ólafssonar (1885–1967) í Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi sem óskaði eftir uppdrættinum þar sem sér hafi yfirsést að taka afrit. *BÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti*. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Guðmundur Ólafsson til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 30. júlí 1944.

³ Samkvæmt könnun Stefáns Ólafssonar eru 28 jarðir með heimagrafreitum komnar í eyði. Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, *Árbók Hins íslenszka fornleifafélags* 2016, 2017, bls. 153–170, hér 166.

⁴ Stefán Ólafsson „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 153–170.

⁵ Hjalti Hugason, „Átökin um útförina: Skiptar skoðanir um heimagrafreiti á Íslandi á nítjándu og tuttugustu öld“, *Saga* 58:2, 2020, bls. 65–95.

Stefáni Ólafssyni virðist ókunnugt um þau viðamiklu skjalagögn um heimagrafreiti sem varðveitt eru, einkum í skjalasafni stjórnarráðsins.⁶ Á þeim er aftur á móti byggt í þessari rannsókn. Hér verður því dregin upp mun ítarlegri mynd af siðnum en fram kemur í grein hans.

Hér verður, eins og í fyrri greinunum, byggt á þeim umfangsmiklu skjalagögnum sem finna má í Þjóðskjalasafni Íslands, skjalasöfnum stjórnarráðsins og biskups, Legstaðaskrá á vefsvæði Kirkjugarðasambands Íslands, *gardur.is*, og óútgefinni skýrslu umsjónarmanns kirkjugarða um heimagrafreiti í Múlaprófastsdæmi frá 2002. Um þessar heimildir hefur verið fjallað eftir því sem við hefur átt í fyrri greinunum. Skýrslan frá 2002 er lykilheimild um allt sem að fagurfræði grafreita lýtur á því svæði sem hún tekur til.

Auk þessara heimilda er hér byggt á svörum heimildarmanna við spurningaskrár Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Einkum er þar um að ræða skrá nr. 104 (2003-1) um andlát og útför á seinni hluta tuttugustu aldar frá því í febrúar 2002. Við henni bárust 99 svör. Í sjöunda lið skrárinnar er vikið að heimagrafreitum ásamt ýmsu öðru sem að greftrun og líkbrennslu lýtur.⁷ Svör heimildarmanna um heimagrafreiti voru fremur rýr, þó með nokkrum athyglisverðum undantekningum. Þau eru þó mikilvæg þegar um framkvæmd heimagreftrana er að ræða.

Staðarval

Ekki var mögulegt að velja heimagrafreitum stað út frá fegurðarskyninu einu eða öðru persónulegu mati heldur varð þar fyrst og fremst að gæta heilbrigðissjónarmiða. Staðarvalið kemur heldur ekki alltaf skýrt fram í umsóknargögnum en snemma tóku dómbærir menn í héraði að votta að vel væri að því staðið. Síðar varð lagaskylda að leggja fram vottorð staðkunnugra um að staðið væri vel valið, auk læknisvottorðs sem krafist hafði verið frá byrjun tuttugustu aldar.⁸

Upp undir 20 grafreitir voru stofnaðir á jörðum þar sem áður höfðu verið bænhus eða jafnvel kirkjur og kirkjugarðar. Var reitunum þá valinn staður þar sem talið var að guðshúsin hefðu staðið. Í sumum tilvikum var þá stuðst við tóftir en á öðrum stöðum farið eftir örnefnum eða sögusögnum.⁹ Svo var til dæmis í Mjóadal í Bólstaðarhlíðarsókn þar sem fyrsti grafreitur norðanlands komst formlega á 1892 eftir að grafið hafði verið þar í heimildarleysi 1887 í að því er talið var fornum kirkjugarði. Spruttu mikil eftirmál af greftruninni meðal annars vegna þess hve allt var óljóst um kirkju á staðnum.¹⁰

⁶ Stefán Ólafsson „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 158.

⁷ „Andlát og útför á seinni hluta 20. aldar“, *sarpur.is*, sótt 23. nóvember 2020 af <https://www.sarpur.is/Spurningaskra.aspx?ID=531212>.

⁸ *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 155 (l. nr. 64/1932).

⁹ F.Ú., „Forn legsteinn finst í Höfðakirkjugarði“, *Vísir* 19. október 1938, bls. 2; Hjalti Pálsson, *Byggðasaga Skagafjarðar* 7, Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2014, bls. 464; *BÍ* (Þjóðskjalasafn Íslands). Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Jón Þorkelsson til stjórnarráðsins 9. ágúst 1922; „Sighvatur Grímsson Borgfirðingur: Aldarminning“, *Vesturland* 50/1940, bls. 194; Pétur Þ. Ingjaldsson, „Mannalát árið 1974“, *Húnavaka* 1975, bls. 119–133, hér 133.

¹⁰ *BÍ*. Íslenska stjórnardeildin. XVIII.1. Islands Journal 18, nr. 21. Ýmis gögn. Í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* segir að hálfkirkja hafi verið á staðnum „[...] fyrir allra manna minni [...]“ og að tóftir sjáist enn (1705). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 8, Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1926, bls. 384.

Væri skrudgarður, trjárækt eða skógarlundur á jörð varð sá staður oftast fyrir valinu.¹¹ Ýmist var þá grafreitirinn inni í trjálundinum sjálfum eða í útjaðri hans og þá oft aðgreindur frá honum. Stundum varð þó aðeins hóll eða annar staður sem hátt bar í túni fyrir valinu.¹² Sem dæmi um sérstætt staðarval af þessu tagi má nefna reitinn að Svignaskarði í Borgarfirði. Hann er á hæð sem kallast Kastali og er örnefnið rakið aftur til Sturlungaaldar.¹³ Tignarlegasti staðurinn af þessu tagi er þó líklega á Hjörleifshöfða en heimagrafreit þar var valinn staður á háhöfðanum við svokallaðan Hjörleifshaug.¹⁴ Þá gat staðarval í túni ráðist af fegurð staðar í útjaðri ræktarlandsins. Voru þeir þá stundum staðsettir við vatn ef svo háttaði til. Svo var til að mynda um reit að Víkingavatni í Kelduhverfi en hann er í Víkingavatnshrói á bakka svokallaðrar Bæjarvíkur. Þarna komu þó líka til praktísk sjónarmið þar sem reitnum var upphaflega ætlaður staður eitthvað sunnar en var færður vegna of hárrar grunnvatnsstöðu.¹⁵

Stundum var mögulegt að setta mismunandi sjónarmið við staðsetningu heima-grafreits. Á Hlöðum í Hörgárdal var grafreit valinn staður á spildu í túninu sem kallaðist Horngrýti og var illslæg vegna sandsáfoks af nálægum melum. Hvergi þótti á hinn bóginn fegurra staði í öllu túninu og lagðist gamla heitið fljótt af.¹⁶

Dæmi eru um að staður hafi einkum verið valinn með tilliti til náttúrufegurðar og þá utan túns og jafnvel nokkuð frá bæ. Út frá því sjónarhorni virðist til að mynda Ólafur Bergsson (1867–1944) á Skriðufelli í Gnúpverjahreppi hafa valið sér legstað í svokölluðum Selhöfðum.¹⁷ Hafði hann lengi staðið vörð um staðinn og friðað hann fyrir hrístekju og öðrum nytjum.¹⁸ Svipuð sjónarmið hafa væntanlega ráðið að Þverá í Dalsmynni en þar var grafreit valinn staður í um 120 m yfir sjó á svonefndum Hjalla í Þveráröxl upp af bænum.¹⁹ Ekki voru allar óskir um að taka upp grafreiti

¹¹ Magnús Jónsson, „Verknámsför Hólasveina 1939“, *Dagur* 4. júlí 1940, bls. 117–118, hér 118; Þór Magnússon, „Gamli bærinn á Víðivöllum“, *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1967*, 1968, bls. 71–81, hér 71, 79; Jón M. Guðjónsson, „Brjef: Guðbjörg í Múlakoti“, *Morgunblaðið* 17. júlí 1942, bls. 7; Eyþór Einarsson, „Helgi Jónsson grasafreidungur á Gvendarstöðum“, *Íslendingabættir Tímans* 1. júní 1972, bls. 13–14, hér 14; Ingólfur Davíðsson, „Blæösp á Íslandi“, *Náttúrufreidungurinn* 4/1980, bls. 289–297, hér 295; Andrés Kristjánsson, *Ágúst á Hofi leysir frá skjóðunni: Með fólki og fénadi í öllum landsfjórðungum*, Reykjavík: Örn og Örlygur, 1970, bls. 51–52; Ólafur Þ. Hallgrímsson, „Afmæliskveðja: Guðmundur L. Friðfinnsson rithöfundur, Egilsá“, *Dagur* 15. desember 1995, bls. 14; sami, „Árnað heilla: Guðmundur L. Friðfinnsson rithöfundur Egilsá, *Tíminn* 16. desember 1995, bls. 18–19, hér 19; Jón Jónsson, „Kveðja til systkinanna að Bjarnarstöðum í Bárðardal“, *Dagur* 8. desember 1989, bls. 14.

¹² Hjalti Pálsson, *Bygðasaga Skagafljótar* 2, Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2001, bls. 119; Jón Pálmason, „Minning Eggerts Konráðssonar frá Haukagili“, *Morgunblaðið* 21. apríl 1942, bls. 6; Ragnar Ásgeirsson, „Austanlands“, *Tíminn* 15. apríl 1950, bls. 3 og 6, hér 3; Wystan Hugh Auden, „Sendibréf frá Íslandi“, *Alþýðublaðið* 29. júlí 1951, bls. 5 og 7, hér 7. Sjá og „Sendibréf frá Íslandi“, *Friðs verslun* 3/1963, bls. 24–28, hér 26; H.H., „Íslendingabættir: Dánarminning: Oddbjörg Sigfúsdóttir“, *Tíminn* 4. apríl 1952, bls. 3; Gestur Guðfinnsson, „Ei frammar spyr að föllnum garði“, *Sunnudagsblaðið* 20. október 1963, bls. 74–75 og 86–87, hér 87.

¹³ Þorsteinn Þorsteinsson, „Guðbjörg Sæmundsdóttir Svignaskarði: Minning“, *Morgunblaðið* 5. október 1958, bls. 23; Brandur, „Á kastalarústum frá dögum Snorra leika sér nú lítil börn: Komið við í Svignaskarði í Borgarfirði“, *Morgunblaðið* 28. ágúst 1966, bls. 10; Guðmundur Guðni Guðmundsson, *Svignaskarð*, Reykjavík: Iðja, Félag verksmiðju-fólks, 1975, bls. 136–137.

¹⁴ Gísli Brynjólfsson, „Vísitazía biskups“, *Kirkjuritið* 3/1958, bls. 122–130, hér 128; „Líf í skugga Kötlu“, *Morgunblaðið* B 5. september 1999, bls. 16–17, hér 16.

¹⁵ Reitirinn er staðsettur á vatnsbakkanum. Vel er um hann búið með uppgerðum, hvítmáluðum steinsteyptum garði og pílarahlíði úr fúavörðu tré. Mikill trjágróður er í reitnum og um hann hirt af alúð. Byggt á skoðunarferð höfundar 22. júlí 2020. Hjá höfundi: Tölvubréf Bergs Ebba Benediktssonar til höfundar 10. september 2020 (heimildarmaður þar einnig Björn Víkingur Ágústsson). Sjá og Árni Óla, „Kelduhverfi“, *Árbók Ferðafélags Íslands 1941*, 1941, bls. 5–79, hér 41–42, 46.

¹⁶ Steindór Steindórsson, *Hlaðir í Hörgárdal: Norðlenskt sveitabemili í byrjun 20. aldar*, Akureyri: Bókaförlag Odds Björnssonar, 1980, bls. 13.

¹⁷ Páll Stefánsson, „Minningarorð um Ólaf Bergsson“, *Morgunblaðið* 9. september 1944, bls. 4.

¹⁸ Hákon Bjarnason, „Þjórsárdalur“, *Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1937*, 1937, bls. 5–35, hér 24–25.

¹⁹ Sjá lýsingu á vefsvæði Kirkjugarðasambands Íslands, sótt 5. ágúst 2020 af

á svo sérstökum stöðum virtar. Snemma á tuttugustu öld barst Jóni Helgasyni (1866–1942) biskupi til umsagnar ósk um að grafa mætti mann í hólma á Hreðavatni en það væri fallegasti staðurinn sem viðkomandi hefði augum litið. Jón var einarður andstæðingur greftrana utan kirkjugarðs og lagðist að venju gegn beiðninni en nú af náttúruverndarástæðum en hann taldi mikilvægt að varðveita sérstæðan gróður í hólmanum. Hugmyndir höfðu þegar komið fram um friðun svæðisins.²⁰

Sérstakar ástæður lágu til grundvallar þegar Ásgeir Jónsson rithöfundur frá Gottorp í Húnaþingi (1876–1963) valdi grafreit sínum stað. Hann og síðari kona hans, Ingibjörg Björnsdóttir (1886–1970), voru jörðuð í einum síðasta heimagrafreitnum sem leyfður var.²¹ Hann er á höfða spölkorn norður af bænum og þaðan er fagurt útsýni yfir héraðið. Á sama stað hafði Blesi, einn uppáhaldsreiðhestur Ásgeirs, verið heygður rúmum þrem áratugum fyrr.²² Sjálfur lýsti Ásgeir tengslum hrosskumlsins og grafreitsins svo að allan tímann sem hann átti hestinn hefði verið háttur Blesa að vitja reglulega sama hólsins í landi jarðarinnar. Skildi Ásgeir háttarlagið svo að þaðan sæi hrossið til uppeldisstöðva sinna. Þar valdi Ásgeir að grafa hestinn og lét vanda mjög umbúnað hans í kumlinu og verpa haug yfir. Kvaðst hann hafa haft gröfina vel breiða sökum þess að sér hafi þá fundist að hvergi mundi hann frekar kjósa sér legstað en einmitt við hlið Blesa.²³ Mátti heita að þær fyrirtælanir gengju eftir þótt ekki hvíli hjónin í kumlinu heldur grafhýsi á sama stað. Svipuðu máli gegndi um staðarval Ólafs á Skriðufelli en hann hafði áður heygt reiðhest sinn í Selhöfðum.²⁴ Virðist nærtækast að líta svo á að Ólafur og Ásgeir hafi valið hestum sínum og löngu síðar sjálfum sér grafarstæði út frá fagurfræðilegum og tilfinningalegum sjónarmiðum.

Girðingar

Í leyfisbréfi fyrir grafreit að Fiskilæk var kveðið á um að hann væri umgirtur og fyrir honum sáluhlið.²⁵ Var skilyrðið útfært á líkan hátt lengi eftir það. Frá 1929 var aftur á móti tekið að áskilja að girðingin væri úr járnbenntri steinsteypu með járnhliði.²⁶ Þá hafði stefnu stjórnvalda varðandi heimagrafreiti verið breytt og nýhafið var annað helsta fjölgunarskeið þeirra. Hafa hert skilyrði verið liður í viðleitni til að auka veg grafreitanna um leið og ný og frjálsslyndari stefna var mörkuð um leyfisveitingar. Með kirkjugarðareglugerðinni frá 1934 var krafan um járnbentan steinvegg fest í sessi þótt notast mætti við steinhlaðinn vegg eða vandaða og trausta girðingu úr öðru efni sem prófastur samþykkti. Var þetta í samræmi við það sem lög gerðu ráð

https://gardur.is/einstakl.php?nafn_id=216573&sumarblom_help=&umhirdu_beidni_help=. Því hefur verið haldið fram að greftrunin hafi verið í trássi við „kirkjuvaldið“: „Undir grænni torfu“, *Tíminn-Sunnudagsblað* 26. nóvember 1967, bls. 1034 og 1054, hér 1034. Ekkert hefur komið fram við þessa rannsókn sem styður þau ummæli.

²⁰ *ÞÍ. Bps.* (Biskupsskjalasafn). 1994. E/13. Bréfabók 1921–1923. Biskup til sóknarprests í Stafholti 15. október 1921.

²¹ *ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.* 2002. B/1538.3. Bréfasafn. Leyfisbréf 20. apríl 1962; Karl Gauti Hjaltason og Ólafur R. Dýrmundsson, „Ásgeir Jónsson frá Gottorp — æviágrip“, *Forystufé eftir Ásgeir Jónsson frá Gottorp með viðaukum og útarefni*, Selfossi: Sæmundur, 2016, bls. 25–35.

²² Skúli Guðmundsson, „Minnig: Ásgeir Jónsson frá Gottorp“, *Tíminn* 30. nóvember 1963, bls. 6.

²³ Ásgeir Jónsson, *Horfnir góðbestar 1*, [án útgst.]: Bókauktáfan Norðri HF, 1946, bls. 105–107, 109–110.

²⁴ Stefán Ólafsson, „Heimagrafreitir á Íslandi“, bls. 165–166.

²⁵ *Stjórnartíðindi* 1878 B, bls. 81 (leyfisbr. 25. maí 1878).

²⁶ Þetta kemur fram í leyfisbréfum vegna grafreita að Hofi í Fellum, Fagradal í Vopnafirði og Stóra-Fljóti í Biskups-tungnahreppi. *ÞÍ. Stjórnarráð Íslands*, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Leyfisbréf 21. maí 1929 (Fagradalur); sama stað. Leyfisbréf 8. júlí 1929 (Hof); sama stað. Leyfisbréf 29. 7. 1929 (Stóra-Fljót).

fyrir varðandi kirkjugarða.²⁷ Töluverður kostnaður var samfara því að steypa vegg, auk þess sem það gat á ákveðnum tímabilum verið erfiðleikum bundið að útvega byggingarefni. Því máli gildi jafnvel um jarðefnin sem til þurfti, heppilega mól og sand.²⁸ Steinsteypar girðingar áttu heldur ekki vel við íslenskar aðstæður og entust illa nema því betur væri til verksins vandað.²⁹ Þótt ákvæðinu hefði ekki verið breytt samþykkti ráðuneytið í einhverjum tilvikum uppdrætti sem sýndu annars konar girðingu en steiptan vegg.³⁰

Lengi örlaði á togstreitu milli stjórnarráðsins og biskupa út af girðingunum. Biskuparnir létu löngum svo um mælt í umsögnum sínum að komið skyldi upp traustri og vandaðri girðingu umhverfis grafreitina úr efni sem prófastur samþykkti. Þetta átti að gera svo fljótt sem verða mætti en notast mátti við bráðabirgðagirðingar þangað til það var hægt ef reiturinn var tekinn í notkun á árstíma sem ekki hentaði til stórframkvæmda. Þetta var í fullu samræmi við fyrirmæli kirkjugarðareglugerðarinnar frá 1934. Í leyfisbréfum áskildi stjórnarráðið á hinn bóginn jafnan að steypa skyldi vegg á grundvelli uppdráttar sem ráðuneytið hefði staðfest. Auk þess skyldi leggja fram sönnun þess að skilyrðið hefði verið uppfyllt og reidd fram sérstök trygging fyrir viðhaldi girðingarinnar. Þessi krafa sýnir að mikil fastheldni og/eða „rútína“ einkenndi leyfisbréfin og þau voru sjaldan löguð að aðstæðum.

Í Fagradal við Vopnafjörð stóð sérstaklega á en þangað var talið nær ógjörningur að flytja lík til greftrunar nema í góðu sumarveðri (sjá fyrstu grein). Sama máli gildi um að koma byggingarefni á staðinn. Þrátt fyrir það slakaði ráðuneytið ekki á kröfum sínum um steinsteiptan garð, sem varð öðrum þræði til þess að bóndinn þar afsalaði sér leyfi sem veitt var vegna annarrar umsóknar hans um heimagrafreit (1929) en ráðuneytið hafði hafnað þeirri fyrstu (1921).³¹ Þegar leyfi var loks veitt eftir þriðju umsókn, að bónda látnum (1932), var enn krafist venjulegrar járnbenstrar steinsteypugirðingar og járnhlíðs.³² Prófastur taldi býlinu ofviða að standa að framkvæmdinni enda hefði hann fengið viljrði um að slakað yrði á í þessu efni. Til er áhugaverð bókun frá 1933 eftir Tryggva Þórhallsson, þá forseta sameinaðs þings, er verið hafði forsætisráðherra en einnig farið með kirkjumál þegar leyfið var veitt í síðara skiptið. Þar kvaðst hann hafa fallist á að reitinn mætti girða með sterkri tré- og vírnetsgirðingu sem prófastur viðurkenndi, auk þess sem grafa mætti í reitnum alla er létust í Fagradal meðan rúm væri í reitnum.³³ Sýnir þetta hve mikið þurfti að hafa fyrir að sveigja framkvæmd ráðuneytisins að aðstæðum í þau fáu skipti sem það var á annað borð gert.

²⁷ *Stjórnartíðindi* 1932 A, bls. 149 (l. nr. 64/1932); *Stjórnartíðindi* 1934 B, bls. 185 (reglug. nr. 83/1934); *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Felix Guðmundsson álitserð 24. nóvember 1941.

²⁸ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Sveinn Jónsson til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 27. júlí 1929.

²⁹ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Jakob Einarsson til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 29. ágúst 1931.

³⁰ Árið 1944 var girðing úr vírneti á steinsteiptum stólpum að Litluhlíð í Lýtingsstaðahreppi samþykkt. *ÞÍ*. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Áritaður uppdráttur 15. mars 1944.

³¹ Fyrst var sótt um leyfi árið 1920 en þá var beiðninni synjað. Þá lá önnur umsókn fyrir sem ekki þótti ástæða til að verða við en nauðsynlegt að samræmis væri gætt við afgreiðsu beggja umsóknanna. *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti til biskups 9. febrúar 1921; sama stað. Leyfisbréf 21. maí 1929.

³² *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Leyfisbréf dags. í nóvember 1932.

³³ *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Bókun Tryggva Þórhallssonar 4. ágúst 1933.

Nú á tímum eru ekki tók á að kanna sérstaklega hvernig farið var að fyrirmælunum um steiptar girðingar í upphafi og á landsvísu. Með hjálp skýrslu umsjónarmanns kirkjugarða frá 2002 um heimagrafreiti í Múlaprófastsdæmi má fá glögga mynd af því hvernig ástand þeirra var þá. Af henni má meðal annars ráða hvernig girðingum var þá háttað.³⁴ Í flestum tilvikum virðist mega ætla að um upphaflega girðingu sé að ræða eða að minnsta kosti mjög sambærilega girðingu og í upphafi. Í það minnsta er ekki líklegt að steinsteypugarður hafi algerlega vikið fyrir annars konar girðingu né heldur að ráðist hafi verið í að steypa múr á síðari tímum.

Skýslan bendir til að hinum formlegu skilyrðum um girðingu og hlið hafi bara verið fylgt á fáeinum stöðum. Aðeins sjö grafreitir voru girtir með steiptum vegg. Tveir voru stofnaðir á þriðja áratug tuttugustu aldar, fjórir á fimmta áratugnum og loks er einn frá þeim sjötta. Fjórir þessara reita fullnægðu einnig fyrirmælum um hlið sem annars voru úr tré. Þá var einn reitur, að Skógargerði í Fellum, með steiptum vegg á tvo vegu en að öðru leyti girtur með neti er strengt var á trégrind. Þannig var upphaflegur umbúnaður líka.³⁵ Auk þess var leitast við að koma til móts við kröfurnar um girðingu af steypu á átta stöðum með steiptum stólpum að minnsta kosti í hornum og/eða við hlið og á nokkrum stöðum með sökklí undir girðingu úr öðru efni. Flestir grafreitanna voru girtir með vírneti ýmist á járn- eða tréstaurem. Voru þá oft langbönd úr sama efni á milli staura að ofan og neðan. Á þremur stöðum voru girðingar af trépílárur og öðrum þremur voru járngrindur á milli staura úr sama efni. Helmingur hliðanna var úr járn en hinn úr tré. Oftast var aðeins ein grind fyrir hliði en ekki tvískipt eins og yfirvöld gerðu ráð fyrir. Á 20 stöðum var slá, bogi eða burst yfir hliðgrind úr tré eða járn og þá oftast með krossmarki. Má í þeim tilvikum ræða um sáluhlið.³⁶

Af þessu má ráða að bændur hafa almennt ekki lagt í þá framkvæmd að fullnægja skilyrðum leyfisbréfa um girðingar enda gat það verið torvelt framan af blómaskeiði grafreitanna. Í mörgum tilvikum var þó reynt að vanda til verksins. Samkvæmt skýrslunni frá 2002 voru girðingarnar einfaldar, hversdagslegar og varla til þess hugsaðar að aðgreina „heilagt“ rými frá „veraldlegu“ þótt almennt væri ekki um einfaldasta form girðingar að ræða.³⁷ Líklegt er að áhrifa kirkjunnar manna, og þá ekki síst prófasta, gæti í því hve mjög umbúnaður heimagrafreitanna að þessu leyti vék frá fyrirmælum leyfisbréfa. Þeim var bæði ætlað að taka út girðingarnar í upphafi og að hafa reglulegt eftirlit með grafreitunum. Hafa þeir viljað koma til móts við umsækjendur að þessu leyti.

Umbúnaður heimagrafreita að öðru leyti

Í leyfisbréfinu fyrir fyrsta heimagrafreit landsins var krafist klukku í klukknaðsi.³⁸ Þetta varð þó ekki fordæmisgefandi og klukku sér aðeins stað í einu öðru tilviki í

³⁴ Í Múlaprófastsdæmi eru heimagrafreitir flestir á landsvísu. Skýrslan tekur til 49 grafreita af alls 57 (sjá aðra grein í síðasta hefti)

³⁵ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Gísli Helgason til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 25. janúar 1942.

³⁶ Heimagrafreitir Múlaprófastsdæmi 2002 (óútg. skýrsla).

³⁷ Þegar skýrslan var tekin saman hafa ekki allar girðingarnar verið gripheldar.

³⁸ *Stjórnartíðindi* 1878 B (leyfisbr. 25. maí 1878).

skjalagögnum. Uppdráttur frá húsameistara ríkisins fylgdi umsókn frá Skarðs-hömrum í Norðurárdal (1933). Á honum er gert ráð fyrir vönduðu sáluhliði með klukku.³⁹ Þá mun hafa verið til klukka að Skaftafelli í Örafum og hún verið hengd upp í sáluhliði við útfarir í heimagrafreitnum þar.⁴⁰ Svipað háttaði til að Víðivöllum í Skagafirði.⁴¹ Ekki er vitað hvort svo hafi verið víðar.

Margir hafa líklega reynt að koma upp einhverjum trjágróðri í grafreitum sínum. Í aðeins átta af reitunum í Múlaprófastsdæmi voru engin tré. Á einum stað var rifs-berjarunni en í flestum reitanna voru allnokkur tré og á fjórum stöðum voru þau gróðursett meðfram girðingu að minnsta kosti á þá vegu sem hliðið var ekki. Trjám var almennt ekki plantað á einstök leiði og ekkert samband virðist milli fjölda trjáa og grafa. Almennt var lítið um að plantað væri blómum í reitina samkvæmt skýrslunni frá 2002 og hefur svo tæpast verið í upphafi nema í undantekningartilvikum. Framan af tuttugustu öld þóttu íslenskir kirkjugarðar í mikilli vanhírðu, illa varðir og útgrafnir. Þá kvaðst Baldvin Friðlaugsson (1877–1957), búfræðingur á Hveravöllum í Reykjadal, sem var mikill frumkvöðull í ræktunarmálum, ekki vita til þess (1910) að reynitré og skrautjurtir væru í kirkjugörðum nema á tveimur stöðum á landinu. Var það á leiðum skyldmenna Hermanns Jónssonar (1858–1923), skólastjóra og alþingismanns, í Hólakirkjugarði í Hjaltadal, og á gröfum föður og afa Tryggva Gunnarssonar (1835–1917), bankastjóra og alþingismanns, í Laufáskirkjugarði við Eyjafjörð.⁴² Af nokkrum umsóknum má ráða að umsækjendur hafi áformað að prýða grafreiti sína með trjám og blómum. Einkum hugðist Ingimundur Ingimundarson vanda til ræktunar í grafreit sínum að Svanshóli í Kaldaðarnes-hreppi ef leyfi fengist.⁴³ Leyfisveitingin gekk eftir en torvelt er að skera úr um það form sem grafreiturinn fékk á sínum tíma.

Almennt sneru leiði í heimagrafreitum í austur og vestur eins og venja er til. Athyglisvert er að í reitnum að Hvanná á Jökuldal (stofnaður 1943) snúa öll leiðin aftur á móti í norður og suður.⁴⁴ Í grafreitnum að Þverá í Dalsmynni (stofnaður 1933) víkur stefnan líka frá hefðinni og virðist að einhverju leyti taka mið af bæjarstæðinu undir fjallinu.⁴⁵

Í grafreitunum í Múlaprófastsdæmi var nokkuð algengt að minningarmörk væru á öllum leiðum í reitunum nema hugsanlega þeim nýjustu og/eða yfir óskírðum börnum. Á upp undir tíu stöðum voru á hinn bóginn aðeins eitt til tvö minningarmörk og engin á sex stöðum. Efnið var af ýmsu tagi en algengastir voru járnkrossar og steyptir steinar, gjarna pútlaga, og þá líklega oftast með leturplötu úr málm.

Af heimildum í skjalasafni stjórnarráðsins og víðar má ráða að á nokkrum stöðum á landinu voru byggðar grafhvelfingar eða grafhýsi í heimagrafreitum rétt eins og

³⁹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Uppdráttur dags. 15. apríl 1933.

⁴⁰ ÞB (Þjóðhátadeild Þjóðminjasafns). 14590/2003-1. Kona f. 1951, Skaftafellssýsla.

⁴¹ Klukkan var geymd í skemmu en komið fyrir í grafreitnum við grefranir. Voru uppistöður sem fylgdu henni þar þegar höfundur skoðaði reitinn. Vettvangsathugun dags. 25. ágúst 2020 og upplýsingar Sigurðar Konráðssonar prófessors sama dag. Hann þekkti vel til á staðnum á árunum 1963–1980.

⁴² Baldvin Friðlaugsson, „Kirkjugarðarnir“, *Njút kirkjublað* 15. maí 1910, bls. 116–118, hér 117.

⁴³ ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.1. Bréfasafn. Ingimundur Ingimundarson til biskups 5. nóvember 1942.

⁴⁴ Heimagrafreitir Múlaprófastsdæmi 2002, bls. 49 (óútg. skýrsla).

⁴⁵ Sjá lýsingu á vefsvæði Kirkjugarðasambands Íslands, sótt 5. ágúst 2020 af https://gardur.is/einstakl.php?nafn_id=216573&sumarblom_help=&umhirdu_beidni_help=.

gert var nokkrum í kirkjugörðum á tímabili.⁴⁶ Elsta dæmið er frá Mjóadal í Bólstaðarhlíðarsókn. Þar mun grafhvelving hafa verið hlaðin í um 10 m fjarlægð frá bæjarhúsinu og tengd því með göngum neðanjarðar.⁴⁷ Þá voru grafhýsi eða hvelvingar að Gottorp í Húnaþingi, Hólmi í Landbroti, Kolviðarhóli og Þórsbergi (Setbergi) við Hafnarfjörð.⁴⁸ Loks má geta grafhýsis að Þúfnavöllum í Hörgárdal. Hjónin Guðmundur Guðmundsson (1855–1947) og Guðný Loftsdóttir (1861–1952) sóttu líklega nokkru fyrir 1930 um að mega gera sér „ættargrafreit“ þar heima en umsókninni var hafnað. Sárnaði þeim þá svo að þau sögðu sig úr Þjóðkirkjunni sem þau að öðru leyti voru ekki móttfallin. Reistu þau sér síðan grafhýsi, stofnuðu sjóð til að halda því við og lögðu fyrir börn sín að þau yrðu jarðsett þar hvort sem leyfi fengist eða ekki. Árið 1941 sótti Bernharð Stefánsson (1889–1969) alþingismaður, tengdasonur þeirra, um heimild til þessa. Í leyfinu, sem veitt var þá um sumarið, var einvörðungu kveðið á um viðhald grafhýsisins og eftirlit prófasts. Öðrum skilyrðum hafði enda þegar verið fullnægt.⁴⁹

Í Þykkvabæ í Landbroti var reist kapella í heimagrafreit (stofnaður 1914) og þaðan hefur verið gerð að minnsta kosti ein útför.⁵⁰ Kapellan var notuð nokkuð til kirkjulegs starfs í eina tíð en ekkert eftir að samgöngur á svæðinu bötnuðu.⁵¹ Ennfremur sótti (1922) Sighvatur Grímsson Borgfirðingur (1840–1930) um að fá að reisa kapellu í fyrirhuguðum grafreit sínum að Höfða í Dýrafirði.⁵² Ekkert varð úr þeim fyrirætlunum. Svipuð áform voru uppi rúmum 30 árum síðar á Hámundarstöðum í Vopnafirði en þar hugðist Sigríður Jósefsdóttir (1901–1989) reisa kirkju til minningar um mann sinn.⁵³ Loks var uppi hugmynd um að breyta garðhýsi á Egilsá í Skagafirði í kapellu og vígja hana um leið og síðasta heimagrafreit landsins sem þar var stofnaður 1982 (sjá síðustu grein). Ekkert varð úr húsvígslunni.⁵⁴ Dæmi eru því um að hús sem helguð skyldu trúariðkun væru reist í heimagrafreitum eða óskir væru uppi um slíkt. Áformin náðu þó sjaldnast fram að ganga.

⁴⁶ Í kirkjugarðinum á Naustahöfða á Akureyri eru sjö grafhýsi. Eitt þeirra er ómerkt. Í hinum eru 13 grafnir. Fyrst var grafið í grafhýsi 1939 en oftast var það þó gert á fimmta áratugnum. Eitt var þó tekið í notkun á sjötta áratugnum og annað á þeim sjöunda. Síðast var grafið í slíkri gröf 1990. Vettvangsathugun höfundar 29. nóvember 2020. Í Hólavallagarði við Sudurgötu eru tvö grafhýsi frá öðrum og þriðja áratug 20. aldar. Er annað svokölluð Sturlukapella en hitt yfir gröf Jóns Jacobson (1860–1925) landsbókavardar og alþingismanns og sonar hans. Áslaug Karen Jóhannsdóttir, „Tómt grafhýsi í Hólavallagarði: „Skugginn minn stjarfur af otta“, *stundin.is*, sótt 19. nóvember 2020 af https://stundin.is/frett/tomt-grafhysi-skugginn-minn-stjarfur-af-otta/#_=#_. Vettvangsferð höfundar 15. nóvember 2020.

⁴⁷ Mótað mun hafa fyrir göngunum 1939. Árið 1965 var grafhýsið svo stept upp en þá hafði því hrakað mjög. Sverrir Haraldsson, „Frá höfuðbóli í eyðibýli“, *Húnavaka* 1994, bls. 149–156, hér 150. Grafhýsið er nú að nokkru ofanjarðar. Skoðunarferð höfundar 25. ágúst 2020.

⁴⁸ ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1538.3. Bréfasafn. Ásgeir Jónsson til biskups 24. desember 1961 ásamt uppdrætti dags. 20. desember 1961; sama stað. Þórunn Reykdal til biskups 4. október 1946 ásamt leyfisbréfi 31. október 1946; Helgi Magnússon, „Í byggðum“, *Árbók Ferðafélags Íslands 1983*, 1983, bls. 23–94, hér 30.

⁴⁹ ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Bernharð Stefánsson til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 9. maí 1941; sama stað. Leyfisbréf dags. í júlí 1941. *Stjórnartíðindi* 1929 B, bls. 127–129 (Skipulagsskrá 6. maí 1929). E.t.v. var beðið með síðari umsóknina fram yfir embættislok Jóns Helgasonar (1939).

⁵⁰ Helgi Magnússon, „Í byggðum“, bls. 34; Gísli Brynjólfsson, „Eitt prestakall — tvær sóknir — fimm helgidómar“, *Morgunblaðið* 17. júlí 1983, bls. 36–37, hér 37. Að Voðmúlastöðum í Landeyjum var kirkja lögð af um 1910 en kapella reist á staðnum og vígð 1946. Grafið var á staðnum allan þann tíma sem þar var ekki guðshús og oft eftir að kapellan var reist. Árni Óla, *Aldaskil*, Reykjavík: Setberg, 1972, bls. 314–323. Björk Ingimundardóttir, *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi 1*, Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands, 2019, bls. 284. Þar með hefur sóknarkirkjugarður breyst í almennan grafreit með líka stöðu og almennu grafreitirnir að Sleðbrjóti, Skálum og í Hrísey.

⁵¹ Símtal höfundar við Ingólf Hartvigsson, fyrrum sóknarprest að Kirkjubæjarklaustri, 17. nóvember 2020.

⁵² ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Jón Þorkelsson til stjórnarráðsins 9. ágúst 1922.

⁵³ ÞÍ. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.2. Bréfasafn. Sigríður Jósefsdóttir til biskups 23. mars 1954.

⁵⁴ Hjá höfundi: Tölvubréf Þórsteins Ragnarssonar, fyrrum sóknarprests á Miklabæ, til höfundar 31. mars og 5. maí 2020.

Heimagreftrun — vettvangur og framkvæmd

Heimagrafreitir höfðu víðtækari áhrif en svo að aðeins væri tekið að grafa lík fjarri kirkju. Nýbreytnin olli því einnig að útfararathafnir fluttust um tíma í einhverjum mæli úr kirkjum heim á þá bæi þar sem grafreitir höfðu verið stofnaðir.⁵⁵ Jafnframt má þá gera ráð fyrir að athöfnin hafi á ýmsan hátt lagast að breyttum aðstæðum og hún orðið að eins konar millistigi milli húskveðju og kirkjuútfarar. Athöfnin hefur við þetta fengið á sig einkalegri blæ en ella þar sem hún tengdist áður fyrr oft almennri guðsþjónustu í sóknarkirkju og var þannig safnaðarathöfn.⁵⁶ Jarðarfarir á Íslandi hafa þó til skamms tíma verið næsta opinberar, að minnsta kosti til sveita, þar sem íbúar heilla byggðarlaga safnast enn saman til að kveðja.⁵⁷ Þrátt fyrir að heimagreftranir gætu verið fjölmennar voru þær eigi að síður í mun ríkari mæli hluti af hinu einkalega sviði en útfarir sem gerðar voru frá kirkju. Heimagreftranir sóru sig því alls ekki í ætt við útfarir í kyrkþey sem löngum hafa tíðkast, fyrst í refsingarskyni við þá sem ekki mátti syngja yfir en síðar oftast að ósk hinna látnu. Þær fyrrnefndu voru til að mynda auglýstar opinberlega og fyrirfram eins og útfarir frá kirkju. Tilkoma heimagrafreitanna leiddi því til umtalsverðrar breytingar á útfararsíðum landsmanna á þeim svæðum og tímabilum sem heimagreftranir voru algengastar. Hér hefur þó verið um tímabundna breytingu að ræða og algengara orðið með bættum samgöngum að heimagröftur færi fram í framhaldi af venjulegri útfararathöfn í kirkju. Eins og sýnt verður hafa útfarir líka oft farið fram í kirkju allt tímabilið þótt grafið væri í heimagrafreit enda réðst fjöldi grafreitanna og dreifing ekki af vegalengdum frá kirkju og/ eða torfærum nema að litlu leyti. Ekki var því alls staðar umhendis að flytja lík til kirkju þótt grafið væri heima.

Þrátt fyrir ýmsar breytingar sem útfararathöfnin tók með heimagreftri og andstöðu kirkjunnar manna við heimagrafreiti ber ekki að líta á jarðarför heima sem andstæðu kirkjulegrar útfarar. Það kemur til dæmis fram í því að fulltrúum kirkjunnar í héraði, prestum og sóknarnefndum, þótti stundum ástæða til að ítreka að óskir um heimagröft stöfuðu ekki af andúð umsækjenda á helgisiðum eða kenningum kirkjunnar. Þvert á móti ætti guðhrætt fólk í hlut.⁵⁸ Sumir vildu einnig koma meira til móts við óskir fólks en kirkjustjórninni þótti góðu hófi gegna. Gættu þeir í þeim tilvikum gjarna sálgæslusjónarmiða en kirkjunnar menn í héraði voru í meiri tengslum við þá sem báru óskirnar fram en biskuparnir.⁵⁹ Almennt hefur væntanlega ekki verið valið milli þessara tveggja útfararforma út frá trúarlegum sjónarmiðum. Þvert á móti hefur í báðum tilvikum verið um trúar- og/ eða kirkjulegar athafnir að ræða. Einstök dæmi eru þó um greftranir heima fyrir án aðkomu prests og án þess að leyfi yfirvalda væri fengið. Einkum gerðist þetta snemma á tímabilinu. Eitt þekkt

⁵⁵ Þetta kemur vel fram hjá heimildarfólki Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns. Sjá t.d. *ÞÞ*. 7486/1983-8. Karl f. 1908. N.-Múl.; sama stað. 14627/2003-1. Kona f. 1936. Óstaðsett; sama stað. 14752/2003-1. Karl f. 1928. Fellahr., N.-Múl.; sama stað. 14566/2003-1. Kona f. 1944. Egilsstaðahr., S.-Múl. Sjá þó *ÞÞ*. 14559/2003-1. Karl f. 1910. Fljótshlíð; sama stað. 14590/2003-1. Kona fædd 1951, Skaftafellssýsla.

⁵⁶ Árni Björnsson, *Merkisdagar á mannsævinni*, Reykjavík: Mál og menning, 1996, bls. 396–398. Erlingur Friðjónsson, *Fyrir aldamót: Endurminningar Erlings Friðjónssonar*, Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1959, bls. 150–154.

⁵⁷ Marktæk „einstaklingsvæðing“ útfara hefur hafist í seinni tíð með mikilli fjölgun útfara sem fram fara í kyrkþey.

⁵⁸ Dæmi frá mismunandi tímum sjá: *ÞÍ*. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/14.1. Bréfasafn. Vottorð sóknarnefndar 3. febrúar 1905; sama stað. Dóms- og kirkjumálaráðuneyti. 2002. B/1533.2. Bréfasafn. Bjartmar Kristjánsson til biskups 7. september 1959. Hjalti Hugason, „Átökin um útförina“, bls. 83, 92.

⁵⁹ Hjalti Hugason, „Átökin um útförina“, bls. 89.

dæmi er um að það hafi stafað af trúarlegum ástæðum en þá átti únitari í hlut. Þá eru tvö dæmi þekkt um að kirkjuleg spenna í héraði hafi verið ástæðan.⁶⁰ Oftast ollu þó skyndileg dauðsföll því að ekki þótti mögulegt að leita samþykkis yfirvalda fyrir að taka upp heimagrafreit fyrr en eftir á og var þá reiturinn vígður við síðari greftrun og rekum þá varpað á gróf þess sem þegar hafði verið jarðaður á staðnum ef svo bar undir.⁶¹ Þess vegna kom fyrir að nokkuð liði milli fyrstu jarðarfarar og formlegrar stofnunar grafreits.

Ekki er um auðugan garð að gresja hvað varðar heimildir um heimagraftranir. Einkum er þar um að ræða svör heimildarmanna Þjóðháttasöfnunar Þjóðminjasafns Íslands, sem og útfarartilkynningar og minningargreinar. Af þeim er stundum augljóst að jarðað hefur verið í heimagrafreit eftir útfararathöfn í kirkju.⁶² Í öðrum tilvikum er það óljósara.⁶³ Þegar auglýst var að grafið yrði í heimagrafreit var til dæmis algengt að tiltekið væri að útförin hæfist að heimili hins látna á tilteknum tíma.⁶⁴ Í slíkum tilvikum er ekki mögulegt að útiloka að tíminn hafi verið miðaður við upphaf húskveðju en síðan verið haldið til kirkju. Þá skiptir þó máli hve snemma á tímabilinu viðkomandi útför var. Þar sem mjög var umhendis að flytja lík til kirkju og heim aftur áður en bifreiðar ruddu sér til rúms verður að gera ráð fyrir að útförin hafi, framan af, oft alfarið farið fram heima. Ella hefði heimagrafreitur skapað meiri vanda en hann leysti þar sem um var að ræða langan kirkjuveg eða torfærur.

Í nokkrum tilvikum er þó mögulegt að lýsa framkvæmdinni nokkuð nákvæmlega og þá jafnframt sýna fram á tengsl kirkjuathafnar og heimagraftrunar. Sumarið 1942 lést bóndinn í Beinárgerði á Völlum. Þar hafði veturinn áður í fyrsta sinn verið jarðað í heimagrafreit og bóndinn sagt endanlega fyrir um frágang hans meðan hann lá sjálfur banaleguna. Athöfnin fór að sögn fram með miklum hátíðleika í skrudgardí fyrir framan íbúðarhúsið.⁶⁵ Hér hefur því líklega verið um að ræða nokkurs konar húskveðju sem haldin var utanhúss.

Ýmis dæmi frá svipuðum tíma sýna þó að meira var við haft. Árið 1945 lést bóndi og oddviti að Seljalandi undir Eyjafjöllum og var jarðaður í nýjum heimagrafreit. Útförin hófst með húskveðju og fluttu tveir prestar ræður. Síðan var athöfn í Stóradalskirkju þar sem tveir prestar töluðu líka. Loks var jarðsett heima að Seljalandi.⁶⁶ Í þessu tilviki var því um hefðbundna og viðamikla, kirkjulega útför að ræða. Svipuðu máli gegndi (1948) um útför hreppstjórans í Grafarholti (nú í landi Keldna)

⁶⁰ Að Hánefsstöðum í Seyðisfirði mótaðist útförin af því að þar var grafinn maður er gerst hafði únitari. Trúboði adventista annaðist útförina. Í Arnkelsgerði á Völlum gróf forstöðumaður frikkirkjusafnaðarins á Reyðarfirði tvö lík. ÞÍ. Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/60.5. Bréfasafn. Prófastur til biskups 6. desember 1909; Hjálmar Vilhjálmsson, „Arnbjörg Stefánsdóttir frá Stakkahlíð“, *Múlaping* 1981, bls. 69–82, hér 72–78.

⁶¹ Hjalti Hugason, „Átökin um útförina“, bls. 77–83.

⁶² [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 18. maí 1946, bls. 15; [Jarðarfarartilkynning], *Tíminn* 16. júlí 1958, bls. 9.

⁶³ Sveinn Bjarnason, „Einar Eiríksson hreppstjóri — Minning“, *Morgunblaðið* 9. mars 1960, bls. 14.

⁶⁴ „Dánardægur“, *Dagur* 10. desember 1936, bls. 207; [Jarðarfarartilkynning], *Tíminn* 5. apríl 1939, bls. 164; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 6. apríl 1939, bls. 7; [Jarðarfarartilkynning], *Vísir* 11. apríl 1939, bls. 1; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 12. apríl 1939, bls. 7; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 5. ágúst 1949, bls. 11; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 10. mars 1951, bls. 1; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 10. maí 1961, bls. 23; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 21. júlí 1951, bls. 11; Guðbrandur Sigurðsson, „Minning Hítardalshjóna“, *Morgunblaðið* 12. október 1951, bls. 8; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 21. júlí 1951, bls. 11; Jóhann Kolbeinsson, „Íslendingaþættir: Dánarminning: Runólfur Þorbergsson, fyrrum bóndi að Skáldabúðum“, *Tíminn* 9. febrúar 1950, bls. 3; [Jarðarfarartilkynning], *Tíminn* 9. september 1951, bls. 2; „Útför frá Jónu Þorsteinsdóttur“, *Dagur* 7. ágúst 1952, bls. 7; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 10. desember 1953, bls. 15; Loftur Þ. Jósefsson, „Ársell Eðvaldsson, Stöpum: Minningarorð“, *Morgunblaðið* 6. febrúar 1954, bls. 11.

⁶⁵ P.J., „Dánardægur“, *Tíminn* 22. ágúst 1942, bls. 363 og 364, hér 363.

⁶⁶ „Fjölmenn jarðarför“, *Tíminn* 20. apríl 1945, bls. 8.

enda skammt að fara til kirkju á Lágafelli.⁶⁷ Bóndinn á Litla-Vatnshorni í Haukadál var jarðaður í nýjum heimagrafreit á jörð sinni haustið 1949. Sveitungar hins látna báru kistuna til kirkju í Stóra-Vatnshorni og þaðan heim aftur.⁶⁸ Var yfir Haukadal á að fara. Nokkrum árum síðar andaðist bóndinn í Köldukinn í Haukadál þar heima.⁶⁹ Fyrrverandi sóknarprestur annaðist húskveðju yfir honum en sóknarpresturinn jarðarförina, sem einnig hefur farið fram í kirkjunni að Stóra-Vatnshorni og var fjölmenn. Hinn látni var jarðsettur við hlið konu sinnar í heimagrafreit.⁷⁰ Lík voru því oft flutt til kirkju og heim aftur. Sýna slík dæmi að heimagrafreitum var ekki einvörðungu ætlað að auðvelda útfarir og að þeir rufu ekki endilega sambandið milli útfararformanna tveggja.

Greftranir á Hlöðum í Hörgárdal varpa ljósi á breytileika á þessu sviði. Árið 1909 var Þórey Gunnarsdóttir (f. 1817), fyrrum húsfreyja, jörðuð heima. Þá var grafreitur þar jafnframt vígður. Geir Sæmundsson (1867–1927), prófastur og vígslubiskup, hélt við það tækifæri húskveðju sem kom í stað útfarar, auk moldunar sem farið hefur fram í reitnum.⁷¹ Rúmum áratug síðar, eða 1920, var Halldór Guðmundsson (f. 1850), eiginmaður Ólafar skáldkonu Sigurðardóttur (1857–1933), jarðaður á sama stað. Þau héldu eigið heimili á Hlöðum og átti hann því ekki sjálfkrafa rétt til að hvíla í reitnum. Ekki er annað að sjá en útför hans hafi líka öll farið fram þar heima.⁷² Fjórum árum eftir það lést systir bóndans og leyfishafans, Guðrún Stefánsdóttir (1847–1924), sem búsett var í Kræklingahlíð. Útförin hófst með húskveðju á heimili dóttur hennar á Akureyri þar sem Guðrún mun hafa látist. Jarðarför fór fram frá Akureyrarkirkju en síðan grafið daginn eftir á Hlöðum.⁷³ Var þetta einnig frávik frá þeirri almennu reglu að aðeins var gert ráð fyrir að það skyldfólk leyfishafa sem til heimilis var á staðnum hlyti leg í heimagrafreit. Rúmum mánuði eftir þetta var dótturdóttir Guðrúnar, Þórey Jónsdóttir (1900–1924), einnig grafin á Hlöðum. Ugglaut hefur þar ráðið miklu hve skammt var síðan amma hennar var jörðuð þar. Væntanlega hefur verið staðið svipað að báðum greftrunum sem voru gerðar með sérstöku leyfi.⁷⁴ Sýnir þetta mikið flæði milli kirkjuútfarar og heimagraftar. Þarna kann þó að hafa skipt máli að Guðrún og Þórey létust á Akureyri og voru ekki til heimilis á Hlöðum. Sökum þessara þriggja útfara er grafreiturinn að Hlöðum stærri í gröfum talið en efni stóðu til.

Samanburður milli greftrana að Kolviðarhóli og Lögbergi í Lækjarbotnum er áhugaverður en þekktir veitingamenn á þessum stöðum voru grafnir þar heima með rúmlega tuttugu ára millibili. Sigurður Daniélsson (f. 1868), gestgjafi á Kolviðarhóli,

⁶⁷ [Jarðarfartilkynning], *Alþýðublaðið* 13. maí 1948, bls. 7; „Jarðarför Björns Birnis hreppstjóra“, *Morgunblaðið* 15. maí 1948, bls. 2.

⁶⁸ Þorsteinn Þorsteinsson, „Hannes Gunnlaugsson á Litla-Vatnshorni“, *Morgunblaðið* 17. nóvember 1949, bls. 10.

⁶⁹ [Jarðarfartilkynning], *Morgunblaðið* 15. október 1954, bls. 15.

⁷⁰ Þorsteinn Þorsteinsson, „Jón Óli Árnason frá Köldukinn: Minningarorð“, *Morgunblaðið* 2. desember 1954, bls. 26.

⁷¹ *Í.* Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/42.2. Bréfasafn. Leyfisbréf 17. júlí 1908. Einn af vinum hinnar látnu, „Jarðarför“, *Norðurland* 9/1909, bls. 31.

⁷² [Dánartilkynning], *Dagur* 18. ágúst 1920, bls. 65.

⁷³ *Í.* Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Símskeyti dóms- og kirkjumálaráðuneytið til prófests 20. nóvember 1924; [Dánartilkynning], *Verkamáðurinn* 45/1924, bls. 89.

⁷⁴ *Í.* Stjórnarráð Íslands, fyrsta skrifstofa. B/690.1. Bréfasafn. Símskeyti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til prófests 3. janúar 1925.

andaðist á Landakotsspítala 1935 og var grafinn í nýjum heimagrafreit þar á staðnum að viðstöddu fjölmenni.⁷⁵ Ekki er annað að sjá en öll athöfnin hafi farið fram þar. Yfir Guðmundi Helga Sigurðssyni (1876–1957), gestgjafa að Lögbergi, fór aftur á móti fram „kveðjuathöfn“ frá Dómkirkjunni. Að henni lokinni var húskveðja að Lögbergi og kistan loks borin úr húsi í grafreitinn. Athöfnin var mjög fjölmenn og fluttu strætisvagnar fólk upp í Lækjarbotna.⁷⁶ Valgerður Þórðardóttir (f. 1871), ekkja Sigurðar á Kolviðarhóli, dó einnig í Reykjavík sama ár og Guðmundur á Lögbergi. Útför hennar fór líka fram frá Dómkirkjunni þar sem tveir prestar fluttu ræður en hún var jarðsett í grafreitnum á Kolviðarhóli.⁷⁷ Í þessum tilvikum var margt sambærilegt, eins og landsvæðið og félagsstaða þeirra sem í hlut áttu. Á hinn bóginn má greina þróun í átt að auknum tengslum milli kirkjuútfara og heimagreftrana. Kunna bætta samgöngur að hafa valdið miklu um breytinguna.

Þá er til góð lýsing á þróun greftrana í heimagrafreit að Gvendarstöðum í Köldukinn er tekinn var upp 1959 um leið og húsfreyjan á staðnum var jarðsett þar. Dóttir hennar lýsti framkvæmdinni svo að öll útfararathöfnin og erfidrykkjan hefði farið fram þar heima. Orgel var fengið að láni og kirkjukór söng. Rúmum áratug síðar lést bóndinn. Útför hans fór einnig öll fram heima. Félagsheimili var þá risið í sveitinni og fór erfidrykkjan fram þar. Um áratug eftir þetta dó sonur hjónanna og var grafinn í reitnum. Útför hans fór fram frá sóknarkirkjunni nema moldunin sem var framkvæmd í grafreitnum. Erfidrykkja fór þá einnig fram í félagsheimilinu.⁷⁸ Þarna kann kynslóðamunur að ráðu einhverju um þróunina en ekki aðeins bætta samgöngur.

Þegar á leið hafa heimaútfarir væntanlega vikið fyrir athöfnum í kirkjum þótt áfram væri jarðsett í heimagrafreitum. Með auknum flutningum fólks milli landshluta fór líka í vöxt að lík brottfluttra væru flutt langan veg til greftrunar og þá gjarna eftir útför annars staðar á landinu. Sama máli gilti um fólk sem lést á sjúkrastofnunum eða í skjóli afkomenda fjarri heimahögum.⁷⁹ Þegar svo stóð á var rekum þó oft ekki kastað fyrr en við greftrunina sjálfa líkt og gert var þegar Ásgeir frá Gottorp var jarðsettur í grafreit þar heima. Hann hafði lengi verið búsettur í Reykjavík. Kveðjuathöfn fór fram frá Fossvogskirkju og var útvarpað en jarðsett nokkrum dögum síðar fyrir norðan. Moldunin fór fram er kistunni var komið fyrir í grafhýsinu í reitnum.⁸⁰

Lengi eimdi þó eftir af heimaútförum. Í nóvember 1962 var til dæmis gerð virðuleg útför Björns Hallssonar (f. 1875), fyrrverandi alþingismanns að Rangá í Norður-Múlasýslu.⁸¹ Athöfnin fór greinilega öll fram heima. Vera má að eitt síðasta dæmi

⁷⁵ Sveitungi og vinur, „Sigurður Danielsson bóndi og gestgjafi á Kolviðarhóli“, *Morgunblaðið* 15. október 1935, bls. 5; Kr. Þ., „Rödd að heiman“, *Lögberg* 21. desember 1939, bls. 14–16, hér 16.

⁷⁶ [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 12. nóvember 1957, bls. 19; [Jarðarfarartilkynning], *Tíminn* 12. nóvember 1957, bls. 9; „Um 200 manns yfir moldum Guðmundar á Lögbergi“, *Morgunblaðið* 15. nóvember 1957, bls. 3.

⁷⁷ „Útför Valgerðar á Kolviðarhóli“, *Tíminn* 25. júní 1957, bls. 2.

⁷⁸ Þ.Þ. 14521/2003-1. Kona f. 1930. Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

⁷⁹ Á.J., „Jakob Jónsson yfirullarmatsmaður“, *Morgunblaðið* 24. mars 1924, bls. 6; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 21. febrúar 1950, bls. 15; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 16. mars 1951, bls. 15; [Jarðarfarartilkynning], *Tíminn* 9. ágúst 1950, bls. 4; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 24. janúar 1952, bls. 15; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 16. ágúst 1955, bls. 15; [Jarðarfarartilkynning], *Tíminn* 21. júní 1957, bls. 8; [Jarðarfarartilkynning], *Vísir* 28. september 1961, bls. 12; Páll Ólafsson, „Minning: Jónína V. Jóhannesdóttir frá Espihóli“, *Tíminn* 15. febrúar 1963, bls. 13; [Jarðarfarartilkynning], *Tíminn* 12. febrúar 1960, bls. 4.

⁸⁰ [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 9. júní 1963, bls. 24; [Jarðarfarartilkynning], *Morgunblaðið* 11. júní 1963, bls. 14; Skúli Guðmundsson, „Minning: Ásgeir Jónsson frá Gottorp“, *Tíminn* 30. nóvember 1963, bls. 6.

⁸¹ „Fréttir í fáum orðum“, *Tíminn* 4. desember 1962, bls. 3 og 15, hér 15.

um heimagraftrun af því tagi sem hér um ræðir sé frá upphafi níunda áratugar liðinnar aldar. Árið 1981 lést Þórhallur Kristjánsson (f. 1907) á Halldórsstöðum í Köldukinn, sem var frammámaður í sinni sveit. Hann var jarðaður þar heima og hafði sjálfur lagt svo fyrir að ekki yrðu fluttar ræður eða höfð erfidrykkja að sér látnum. Fjölmenni var við útförina. Sóknarpresturinn annaðist athöfnina og kirkjukórinn söng enda hafði hann átt hauk í horni þar sem Þórhallur var. Útförin var þrátt fyrir þetta greinilega ekki kirkjuleg í þröngum skilningi en hátíðleg og hugstæð þeim sem viðstaddir voru.⁸² Þarna örlar á þróun í átt að veraldlegri eða borgaralegri útför sem nú hefur öðlast þegnrétt í íslenskri útfararmenningu.

Að einu leyti hefur þó greint á milli jarðarfarar frá kirkju og graftrunar í heima-grafreitum. Í hinum síðarnefndu hefur almennt ekki verið mögulegt að hringja líkhringingu sem þó var talin mikilvægur þáttur í lútherskri útför og ráð var fyrir gert að gæti heyrst í öllum almennum grafreitum samkvæmt reglugerð um kirkjugarða frá 1934⁸³ en eins og fram er komið var ekki krafist að klukkan væru í heima-grafreitum nema alveg í upphafi og fátt bendir til að klukkan hafi fylgt grafreitunum nema í undantekningartilvikum.

Fjöldi heimagraftrana á Norðurlandi

Fjöldi heimagraftrana þróaðist eins og búast má við að vissu marki í samræmi við fjölgun grafreita. Til að skapa frekari sýn á síðinn hefur fjöldaþróun þeirra verið könnuð á Norðurlandi. Landshlutinn varð fyrir valinu sökum þess að þar eru heimagrafreitir einna flestir. Grafreitir eru að sönnu tveim fleiri á Austurlandi en fyrir norðan en þeir eru dreifðir um fleiri héruð norðanlands en eystra. Dregur það úr líkum á að mjög staðbundnar aðstæður hafi haft áhrif á þróunina, sem líklega var raunin í Norður-Múlaprófastsdæmi þar sem grafreitir eru langflestir á landsvísu, og heimagraftranir gætu því hafa verið tíðari en norðanlands, að minnsta kosti á tímabili.

⁸² „Minning: Þórhallur Kristjánsson á Halldórsstöðum“, *Íslendingaþættir Tímans* 16. september 1981, bls. 4. Annað dæmi um sviþaðar óskir frá sömu slóðum sjá ÞÞ. 14521/2003-1. Kona f. 1930. Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

⁸³ *Sjórnartíðindi* 1934 B, bls. 185, 188 (reglug. nr. 83/1934).

Tafla 3. Greftranir í heimagrafreiti á Norðurlandi eftir áratugum og prófastsdæmum/sýslum.⁸⁴

	Húnav.	Skagafj.	Eyjafj.	S-Þing.	N-Þing.	Alls
1900–1909	1	1	1	0	0	3
1910–1919	1	3	3	7	7	21
1920–1929	0	3	10	4	10	27
1930–1939	1	7	10	6	2	26
1940–1949	4	8	2	19	6	39
1950–1959	18	9	4	19	4	54
1960–1969	11	10	2	15	7	45
1970–1979	7	9	1	13	2	32
1980–1989	12	10	1	11	2	36
1990–1999	11	7		8	6	32
2000–2009	8	3		6	1	18
2010–2019	7	8		9	3	27
Samtals	81	78	34	117	50	360

Alls voru 360 grafnir í heimagrafreit í fjórðungnum, sem er aðeins brot af þeim sem létust á tímabilinu.

Athugunin sýnir að hátt í 40 prósent heimagraftrana í fjórðungnum áttu sér stað um miðbik tuttugustu aldar, eða frá 1940 til 1970. Helst þetta í hendur við fjöldaþróun grafreitanna en þeim fjölgaði mikið frá um 1940 þar til tekið var fyrir stofnun þeirra (1963). Þó fóru önnur 40 prósent greftrana fram í heimagrafreitum eftir það. Sýnir það að heimagraftarsíðurinn hafði alls ekki glatað vinsældum sínum þegar yfirvöld tóku í taumana og komu í veg fyrir að fleiri grafreitir yrðu teknir upp. Athyglisvert er að 45 jarðarfarir hafa átt sér stað í heimagrafreitum í landsfjórðungnum eftir 2000, þar af hátt í 30 á öðrum áratug aldarinnar. Síðurinn er því síður en svo liðinn undir lok. Styður þetta þær niðurstöður sem kynntar voru í fyrri greinum þess efnis að heimagrafreitir, og þá einnig heimagraftranir, séu síðari tíma fyrirbæri.

Þegar þróun heimagraftarsíðarins á Norðurlandi er greind nánar kemur í ljós að á vesturhluta svæðisins, eða í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmum, hófst síðurinn snemma en heimagraftrunum fjölgaði hægt — þó mun hægar í Húnavatnsprófastsdæmi en í Skagafirði. Í Húnavatnsprófastsdæmi áttu þannig aðeins tæp 4 prósent af öllum heimagraftrunum sér stað á fyrsta þriðjungi tímabilsins 1900–2019, þ.e. frá upphafi til 1940, en 18 af hundraði í Skagafirði. Á austurhluta svæðisins hófst síðurinn síðar en á vesturhlutanum. Nokkur munur var þó hvað framvinduna snerti en heimagraftrunum fjölgaði mun hraðar í Norður-Þingeyjarprófastsdæmi en í suðurprófastsdæminu. Þannig fór meira en þriðjungur allra heimagraftrana í fyrrnefnda prófastsdæminu fram á fyrsta þriðjungi tímabilsins en aðeins um 15 prósent í því síðarnefnda. Til viðbótar má geta þess að sá munur er á vestur- og austursvæðinu norðanlands að litlir grafreitir, það er með færri en fimm leiðum, eru mun fleiri á vestursvæðinu (sjá fyrstu grein).

⁸⁴ Legstaðaskrá á *gardur.is*.

Eyjafjörður, þar sem heimagrafreitir voru fáir miðað við Húnavatns-, Skagafjarðar- og Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, sker sig mjög úr varðandi upphaf síðarins. Þar hófst hann snemma eins og á vestursvæðinu en reis mun hraðar. Þar urðu heil 70 prósent allra heimagraftrana á fyrsta þriðjungi tímabilsins sem um ræðir. Þar hvarf síðurinn líka mun fyrr en í hinum prófastsdæmunum. Síðasta heimagraftrun þar var 1980 og var hún sú eina sem gerð var þar á síðasta þriðjungi tímabilsins. Þar má því líta svo á að síðurinn sé horfinn. Í öllum hinum prófastsdæmunum hefur verið grafið í heimagrafreitum allt fram á síðari ár.

Heimagraftarsíðurinn hefur haldið nokkuð betur velli á vestursvæðinu en austursvæðinu þar sem rúm 16 prósent allra heimagraftrana í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmunum gömlu hefur farið fram eftir 2000 á móti 11 af hundraði á austursvæðinu. Hlutfallið í þessu efni er þó ólíkt milli Suður- og Norður-Þingeyjarprófastsdæma. Suðurprófastsdæmið sver sig að þessu leyti í ætt við prófastsdæmin tvö á vestursvæðinu þar sem 13 prósent heimagraftrana þar hafa farið fram eftir síðustu aldamót en aðeins 8 af hundraði í norðurprófastsdæminu.⁸⁵ Síðurinn hefur því reynst lífseigari í prófastsdæmunum þrem þar sem grafreitir eru margir en í Eyjafirði og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi þar sem þeir eru fáir og viðhald síðarins því undir fáum ættum komið. Þess ber þó að geta að í síðarnefnda prófastsdæminu eru tveir óvenjustórir grafreitir.⁸⁶ Í báðum hefur verið grafið fram á síðari ár. Þar getur síðurinn því vel átt framtíð fyrir sér, eins og í hinum prófastsdæmunum þrem þar sem hann er enn við lýði.

Þegar lítið er til svæðisins alls hefur þróun heimagraftrunarsíðarins verið líkust í Skagafjarðar- og Suður-Þingeyjarprófastsdæmunum þótt hann hæfist vissulega síðar í því síðarnefnda. Þá var fjöldaþróun heimagrafraitanna sjálfra áþekkt í því að í báðum prófastsdæmunum eru fleiri grafreitir frá því fyrir 1940, er fjölgun þeirra fór verulega á flug á landsvísu, en í hinum prófastsdæmunum norðanlands. Viss munur milli prófastsdæmanna felst svo í því að fleiri litlir grafreitir eru í Skagafirði en í Suður-Þingeyjarsýslu (sjá fyrstu grein).

Samantekt

Í þessari grein hefur verið fjallað um tvö mikilvæg atriði sem varpa ljósi á heimagraftarsíðinn eins og hann þróaðist hér á landi frá því skömmu fyrir 1880 og fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar. Annars vegar er þar átt við fagurfræði heimagrafraitanna og hins vegar þau áhrif sem þeir höfðu á sjálfa útförina.

Einn mikilvægasti þátturinn í fagurfræði grafraitanna er hvernig þeim var valinn staður. Í því efni voru hendur fólks þó vissulega bundnar af annars konar sjónarmiðum og vógu þar heilbrigðissjónarmið þyngst. Algengt var að ummerki um og/eða sagnir af bænhúsum eða kirkjum — og þá kirkjugörðum — fyrir á tíð hvettu fólk til að taka upp heimagröft. Þegar þannig háttaði til var grafreitunum jafnan valinn staður þar sem hin fornu guðshús voru talin hafa staðið. Þetta hefur svo orðið til þess í seinni tíð að vafist hefur fyrir mönnum að greina skýrt á milli eiginlegra heimagrafreita og gamalla kirkjugarða og það valdið ruglingi við flokkun

⁸⁵ Hlutfallið er rúm 18% í Húnavatnsprófastsdæmi og 14% í Skagafirði.

⁸⁶ Í þessu eru prófastsdæmin tvö sem fáa grafreiti hafa lík en helmingur grafraitanna í Eyjafirði, þ.e. tveir, eru stórir eða með yfir 10 grafir.

og skráningu. Í þessari rannsókn hefur verið kostað kapps um að greina þarna á milli og þá bæði verið stuðst við þá aðferð sem viðhöfð var við stofnun grafreitanna og notkun þeirra (sjá aðra grein). Staðsetning af þessu tagi kom á áhugaverðu sögulegu samhengi er greftranir voru teknar upp að nýju víða í sveitum landsins eftir langt hlé en nú á nýjum forsendum.

Annars má líta svo á að staðarval hafi að verulegu leyti ráðist af fagurfræðilegum ástæðum. Grafreitum var oft valinn staður í túni — gjarna þar sem hátt bar eða útsýni þótti fagurt, á vatnsbakka eða í trjágarði eða skógarlundi þar sem tök voru á slíku. Nokkur dæmi eru líka um að menn hafi valið sér legstað lengra frá bæ og þá á stað sem þeir höfðu bundið tryggð við vegna náttúruvegurðar eða af persónulegum og tilfinningalegum ástæðum, eins og þegar þekktir hestamenn völdu gæðingum sínum, og löngu síðar sjálfum sér, stað til hinstu hvíldar út frá slíkum sjónarmiðum. Hér hefur náttúruhyggja tengst þeirri áttahaást sem oft kom fram í óskum fólks um að hvíla heima.

Annað fagurfræðilegt atriði kemur fram í ákvæðinu um steinsteypa girðingu umhverfis heimagrafreitina. Þar kemur fram greinileg spenna milli stjórnvalda og fólksins sem að stofnun grafreitanna stóð. Má líta á það sem spennu milli ímyndar og raunmyndar þar sem ímyndin stendur fyrir hina mörkuðu stefnu yfirvalda en raunmyndin fyrir framkvæmd bændanna sem að grafreitunum stóðu. Stjórnvöld tóku að krefjast þess á ofanverðum þriðja áratug tuttugustu aldar að járnberntir steinsteypuveggir væru umhverfis reitina og járngrindur væru í sáluhliðum. Þetta var síðan bundið í reglugerð í kjölfar þess að heimildarákvæði um heimagrafreiti voru lögfest. Þar sem mögulegt er að kanna kerfisbundið framkvæmd í þessu efni — en það er í Múlaprófastsdæmi (1970–2011) — kemur í ljós að umbúnaður af þessu tagi heyrði til undantekninga og að girðingar um grafreitina voru almennt mun einfaldari, ódýrari og hverdagslegri þótt meira væri til þeirra vandað að öllu jöfnu en venjulegra túngirðinga. Í þessu efni virðast prófastar, helstu eftirlitsaðilar með heimagrafreitunum, og raunar líka biskupar hafa staðið með bændum enda gat steiptur veggur verið mörgum bændum ofviða, að minnsta kosti mikinn hluta tímabilsins.

Víða var heimagrafreitum ætlað að einfalda útför fólks þar sem kirkjuvegur var langur eða torfærur voru á leiðinni til sóknarkirkju. Því er eðlilegt að heimagrafstrun ryddi sér þónokkuð til rúms í kjölfar þess að heimagrafreitir voru stofnaðir, að minnsta kosti fyrir þá samgöngubyltingu sem varð á tímabilinu. Hefur þetta mótað útfararathöfnina, gert hana einfaldari og persónulegri og fært hana nær húskveðju. Ekkert bendir þó til að heimagrafstrun og útför frá kirkju hafi á einhvern hátt orðið að andstæðum í huga fólks eða að valið hafi verið á milli þessara útfararforma af trúarlegum ástæðum. Þvert á móti virðist hafa verið mikið flæði milli útfararformanna tveggja og að lík hafi jafnvel verið flutt til kirkju til útfarar og heim aftur til greftrunar mikinn hluta tímabilsins enda mótaðist heimagraftarsíðurinn ekki síður af hugrænum en efnislegum ástæðum og vó ættarhyggja og áttahaást þar þungt.

Hér hefur aðeins takmörkuðu ljósi verið brugðið á tíðni heimagraftrana þar sem hún hefur einungis verið könnuð á Norðurlandi. Það sem sú athugun hefur einkum leitt í ljós er að vinsældir síðarins höfðu alls ekki horfið er yfirvöld tóku fyrir frekari fjölgun heimagrafreita upp úr 1960. Norðanlands náði síðurinn verulegri fótfestu í fjórum af fimm prófastsdæmum þar sem heimagrafreitir urðu annaðtveggja margir

á landsvísu eða sérstaklega stórir. Í þeim öllum virðist hann enn eiga framtíð fyrir sér. Aðeins í Eyjafirði hefur hann horfið en þar voru grafreitirnir fáir. Þrátt fyrir breyttar félags- og menningarlegar aðstæður til sveita má segja að heimagrafreitirnir séu víða, enn þann dag í dag, lifandi og merkingarbær tákni um áttahagtryggð og ættarhugsun þegar lík fólks eru flutt landshluta á milli eftir að það hefur búið langtímum saman fjarri fæðingarstað sínum. — Kemur þar í ljós sú ramma taug sem Óvíð og Sveinbjörn Egilsson kváðu draga rekka til föðurtúnanna.